



Robert Daniel Jónsson
PHOTOGRAPHY

Jafnréttisáætlun Húnaskóla– Drög

Allir nemendur og starfsfólk Húnaskóla skulu vera jöfn fyrir lögum og njóta mannréttinda án tillits til uppruna, þjóðernis, kynþáttar, trúarbragða, stjórnmalaskoðana, kynferðis, kynhneigðar, aldurs, efnahags, ætternis, fötlunar, heilsufars eða annarrar stöðu. Hugað skal sérstaklega að því að stuðla að jöfnum rétti karla og kvenna og vinna gegn stöðnuðum hugmyndum um hlutverk kynjanna sem hefta frelsi einstaklingsins til að geta notið sín á þeim sviðum sem slíkar staðalímyndir ná til. Allir í Húnaskóla eiga að hafa jafna möguleika á að fá að njóta eigin atorku og þroska hæfileika sína óháð kyni og því skal kynjasambættingar gætt í allri stefnumótun og áætlanagerð innan skólans og spornað gegn hvers konar mismunun.

Markmið jafnréttisáætlunarinnar er að stuðla að jafnri þátttöku, rétti og stöðu kvenna og karla í samfélaginu, fjölskyldulífi og atvinnulífi og byggir hún á lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008, lögum um jafna meðferð óháð kynþætti og þjóðernisuppruna nr. 85/2018 og lögum um jafna meðferð á vinnumarkaði nr. 86/2018. Jafnréttisáætlun Húnaskóla byggir á jafnréttisáætlun Húnabyggðar.

Skólinn setur sér aðgerðaáætlun til þriggja ára, sem þó er endurskoðuð árlega, þar sem fram koma skýr og vel skilgreind markmið í samræmi við jafnréttisáætlun Húnabyggðar, hvernig þau skulu unnin, til hvers er ætlast, hver ber ábyrgð á framkvæmdinni og eftirfylgni ljós.

Yfirmarkmið Húnaskóla er að skólasamfélagið byggi gildi sín á jákvæðum viðhofum til jafnréttis og jákvæðni til allra starfa, fordómalausum viðhorfum og góðum starfsanda þar sem réttur allra er hafður að leiðarljósi.

Húnaskóli sem menntastofnun.

Nemendur: Samkvæmt lögum um grunnskóla ber Húnaskóla að veita fræðslu um jafnréttismál til að búa bæði kynin undir virka þátttöku í samfélaginu, fjölskyldulífi og atvinnulífi og þarf skólinn að vinna gegn stöðluðum kynímyndum og hefðbundnum hugmyndum um karla- og kvennastörf. Einnig skal þess gætt að nemendum sé ekki mismunað og að komið sé til móts við þarfir allra nemenda óháð kynferði, kynhneigð, aldri, útliti, uppruna, trúar- eða stjórnmalaskoðunum og leitast skal við að styrkja sjálfsmynd þeirra. Nemendur eiga ekki að þurfa að þola niðurlægjandi áreitni af neinu tagi. Skólinn þarf að bregðast við hvers kyns misrétti og gera áætlanir um úrbætur.

Markmið	Verkefni	Ábyrgð	Tímasetning
Kynbundið ofbeldi, kynbundin áreitni, kynferðisleg áreitni og einelti er ekki liðið í Húnaskóla	Fræðsla um kynþroska og siðferði í samskiptum kynjanna og samskiptum almennt skal fara fram á öllum skólastigum og sett inn í námsvísa hjá öllum árgöngum. Forvarnar- og viðbragðsáætlanir kynntar nemendum og foreldrum og þeim gerð grein fyrir	Kennarar og skólahjúkrunarfræðingur.	Fræðsla yfir veturinn en kynningum lokið fyrir miðjan september ár hvert.

Jafnréttisáætlun Húnaskóla– Drög

	ábyrgð einstaklinga og færum leiðum til hjálpar.		
Fræðsla til nemenda um jafnréttismál m.a. með það að markmiði að búa bæði kynin undir virka þátttöku í samfélaginu, fjölskyldulífi og atvinnulífi. Leitast skal við að vinna eftir grunnþáttum Aðalnámskrár grunnskóla og þemaheftum um grunnþætti menntunar; Jafnrétti og Lýðræði og mannréttindi.	Allir grunnþættir skulu vera tilgreindir í Námsvísunum (árlegri kennsluáætlun hvers námshóps í hverju fagi fyrir sig) hvers fags og hvaða verkefni eru unnin í tengslum við viðkomandi þátt þannig að fræðsla um jafnrétti fléttist sem mest inn í allt nám nemenda. Í ársskýrslum kennara „Lesið og kennt“ skulu kennarar gera grein fyrir hvernig þeir stóðu að jafnréttisfræðslunni. Ritari fer yfir Námsvísa og Lesið og kennt og gerir samantekt svo hægt sé að fá yfirsýn og sjá hvort gloppur eru í fræðslunni.	Kennarar, skólastjóri og ritari skólastjóra	Kennarar: Námsvísar tilbúnir fyrir miðjan september ár hvert. Lesið og kennt skilað í byrjun júní árlega. Skólastjóri kallar eftir að skýrslum sé skilað en ritari fer yfir og tekur saman annað hvert ár (2021) og gerir skýrslu.
Markviss vinna gegn kynbundnu náms- og starfsvali. Nemendur skulu fá kynningu á fjölbreytilegum störfum í lýðræðissamfélagi og fá hvatningu til að ráðast gegn hefðbundnum staðalímyndum.	Í lífsleikni og á bekkjarfundum skal markvisst unnið gegn staðalmyndum kynjanna og verða verkefni og leiðir að vera sýnilegar í Námsvísunum.	Allir starfsmenn skólans.	Hvenær sem tækifæri gefst yfir veturinn.
Gæta skal að námsgögn halli ekki á neinn hvort sem það er vegna kynferðis, trúar eða annarra ómálefnalegra þátta.	Kennarar séu alltaf meðvitaðir um hvers kyns mismunun þegar þeir velja námsefni.	Kennarar.	Þegar námsefni er valið.

Meta þarf einstaka liði jafnréttisáætlunarinnar og áætlunina í heild sinni til að gera nýja aðgerðaráætlun með það að markmiði að bæta skólastarfið.	Leggja fyrir kannanir árlega fyrir nemendur, annað hvert ár fyrir foreldra og taka saman upplýsingar úr nemenda- og foreldraviðtölum varðandi einstaka þætti, en einnig að fara í endurskoðun jafnréttisáætlunarinnar með aðilum úr öllu skólasamfélaginu.	Skólastjóri og skólaritari.	Nemendakannanir hvert ár en foreldrakannanir annað hvert ár (2021). Nemenda- og foreldraviðtöl árlega. Endurskoðun áætlunar 2022.
--	--	-----------------------------	---

Jafnréttisáætlun Húnaskóla – Drög

Húnaskóli sem vinnustaður.

Starfsfólk: Þess skal gæta í starfsháttum Húnaskóla að starfsfólki sé aldrei mismunað á grundvelli kynferðis, kynhneigðar, aldurs, útlits, ætternis, fötlunar, heilsufars, uppruna, trúar- eða stjórnmálaskoðana og ber allt starfsfólk ábyrgð á að skapa fordómalaust skólasamfélag þar sem allir einstaklingar geta starfað í öruggu umhverfi þar sem hvers kyns áreiti og ofbeldi er ekki liðið. Allt starfsfólk skal njóta álíka tækifæra til starfsþróunar og við ráðningar, uppsagnir og launakjör skal gæta þess að jafnræðis sé gætt og ekki séu notuð ómálefnaleg rök gegn starfsfólki.

Markmið	Verkefni	Ábyrgð	Tímasetning
Ráðningar: öll laus störf skulu standa opin jafnt konum og körlum.	Í starfsauglýsingum skulu bæði konur og karlar hvött til að sækja um störf og skal það kyn sem hallar á í hópi starfsfólks hvatt sérstaklega til að sækja um.	Skólastjóri.	Þegar við á.
Tryggja skal að konur og karlar njóti sömu möguleika til endurmenntunar, símenntunar og starfsþjálfunar.	Við gerð símenntunaráætlunar skal þess jafnan gætt að starfsfólki sé ekki mismunað á nokkurn hátt.	Skólastjóri.	Við gerð símenntunaráætlunar skólans sem er uppfærð á hverju hausti.
Einstaklingum er starfa hjá Húnaskóla skulu greidd jöfn laun og skulu njóta sömu kjara óháð kyni fyrir sömu eða jafnverðmæt störf.	Gæta að því að upplýsingar séu kyngreindar þegar teknar eru saman upplýsingar um laun starfsfólks og athugasemdir gerðar þegar við á og ef talið er	Launafulltrúi.	Janúar – árlega.

	að um mismunun sé að ræða.		
Starfsfólki skal gert kleift að samræma starfsskyldur sínar og ábyrgð gagnvart fjölskyldunni.	Leitast skal við að hafa fasta viðveru hjá kennurum styttri en vinnuvikuna. Beiðnir um sveigjanleika skoðaðar hver um sig og metnar eftir aðstæðum.	Skólastjóri.	Í upphafi skólastarfs að hausti og þegar við á.
Gera starfsfólk meðvitað um að kynbundið ofbeldi, kynbundin áreitni, kynferðisleg áreitni og einelti er ekki liðið í Blönduskóla og gera starfsfólk hæft til að meta og þekkja	Fræðsla til starfsfólks þar sem stuðst er við vinnuverndarefni frá Vinnueftirlitinu og KÍ og kynning á viðbragðsáætlun sveitarfélagsins.	Skólastjóri.	Almenn fræðsla og kynning árlega í ágúst en námskeið a.m.k. á þriggja ára fresti frá utanaðkomandi aðilum.

Jafnréttisáætlun Húnaskóla – Drög

einkenni kynbundinnar áreitni, kynbundins ofbeldis, kynferðislegrar áreitni og eineltis og geta brugðist við á réttan hátt bæði varðandi börn og fullorðna.	Starfsfólki gerð grein fyrir sinni ábyrgð og færum leiðum til hjálpar.		
Kynjasamþættingar skal gætt við alla stefnumótun og áætlanagerð í skólanum.	Skólastjórnendur og kennarar sæki námskeið í samþættingu jafnréttis og kynjasjónarmiða.	Skólastjóri.	Sett inn í þriggja ára símenntunaráætlun skólans, lokið árið 2022.
Meta þarf einstaka liði jafnréttisáætlunarinnar og áætlunina í heild sinni til að gera nýja aðgerðaráætlun með það að markmiði að bæta skólastarfið.	Leggja fyrir kannanir árlega fyrir starfsfólk og taka saman upplýsingar úr starfsmannaviðtölum varðandi einstaka þætti, en einnig að fara í endurskoðun jafnréttisáætlunarinnar með aðilum úr öllu skólasamfélaginu.	Skólastjóri og ritari.	Starfsmannakannanir annað hvert ár (2021). Starfsmannaviðtöl árlega. Endurskoðun áætlunar 2022.

Aðgerðaráætlun er fyrir árin 2020 – 2022.

Fræðsluefni: Jafnréttisfræðsla KÍ <https://ki.is/pistlar/3369-jafnrettisfraedsla-i-grunnskolum>, Jafnréttisheftið

<https://mms.is/namsefni/jafnretti-rit-um-grunnthaetti-menntunar-rafbok>, Jafnréttisstofa

<https://www.jafnretti.is/is/samfelag-og-vinnumarkadur/jafnretti-i-skolum/namsefni>, Jafnréttistorgið <http://jafnrettistorg.is/> Menntamálastofnun

<https://mms.is/>, Vinnueftirlitið <https://www.vinnueftirlit.is/>.